

S
B
625 Ólafsfjörður

Reykjavík, 17. maí 2021
Tilvísun: OS2020090029/10.0
Verknúmer: 435 3420

Efni: Kvörtun vegna tjóns á X

Málsatvik

Orkustofnun barst kvörtun dags. 9. september 2020 með tölvupósti frá S vegna tjóns sem varð vegna langvarandi rafmagnsleysis í desember 2019. Samkvæmt gögnum málsins skall mikið óveður yfir norðan- og vestanvert landið 10. og 11. desember 2019.

Í kvörtuninni kemur fram að rafmagnsleysið hafi ollið tjóni á X.

Með kvörtuninni fylgdi svarbréf Landsnets dags. 12. maí 2020 þar sem erindi kvartanda, um bótakröfu vegna truflana í raforkukerfi Landsnets hf., er svarað. Þar kemur fram sú afstaða Landsnets að fyrirtækið telji sig ekki ber ábyrgð á tjóni sem kann að hafa orðið í óveðrinu og viðurkenner þannig ekki bótaskyldu, þar sem það sé mat Landsnets að óveður hafi verið orsakavaldur umræddra truflana sem Landsnet hf. ber ekki ábyrgð á. Þrátt fyrir fyrir synjun á bótaskyldu kemur fram í bréfinu að Landsnet hefur þó ákveðið að verða við greiðslu bóta að ákveðnum skilyrðum uppfylltum en án viðurkenningar á bótaskyldu. Einnig er meðfylgjandi kvörtuninni samskipti starfsmanns A við kvartanda dags. 2. júní 2020 þar sem óskað er eftir afritum af reikningi vegna kaupa á nýjum X og vegna annars kostnaðar vegna umrædds tjóns.

Málsástæður og sjónarmið aðila

Að mati kvartanda ber Landsnet ábyrgð á tjóninu. Í kvörtun kemur m.a. fram:

... „S. varð fyrir tjóni vegna langvarandi rafmagnsleysis í desember síðastliðnum [2019]. Tjón varð á X sem þolir illa langvarandi rafmagnsleysi, tjónið sem varð er á X sem síðar þurfti að skipta um (reikningur fylgdi með kvörtun)

Landsnet féllst á greiðslu tjónabóta að uppfylltum ákveðnum skilyrðum og án viðurkenningar á bótaskyldu. Landsnet hf. fól síðar S framkvæmd bótagreiðslna. Síðar kom í ljós að Landsnet hygðist eingöngu gæta einstaklingum tjón en ekki fyrirtækjum (Lögaðilum) og hámarksbætur yrðu ein milljón króna.“

Sjónarmið Landsnets

Orkustofnun bauð Landsnet að tjá sig um kvörtunina ásamt því að stofnunin óskaði eftir sérstaklega eftir skýringum um einstök atriði með bréfi dags. 21. október 2020. Landsnet veitti svör og umsögn um kvörtun með bréfi 5. nóvember 2020.

Í umsögninni kemur eftirfarandi fram eftirfarandi skýringar. Segir í umsögninni að 10. desember 2019 hafi gengið aftakaveður yfir landið og olli það víðtæku rafmagnsleysi. Mikið tjón varð á flutningskerfi Landsnet vegna veðursins og langvarandi rafmagnsleysis fylgdi. Landsnet telur að viðbúnaður og viðbragð hafi verið í samráði við viðbragðsáætlanir og ferla að undirbúningi undir óveður. Veðrið hafi verið bæði óvenjulegt og fordæmalaust sbr. truflanaskýrslu sem fylgi með svari Landsnets sem fylgiskjal 1.

Vegna bilunar á Dalvíkurlínu stöðvaðist afhending um línuna 11.12.2019 kl. 7:59 og hófst ekki að nýju fyrr en 18.12.2019 kl. 18:33. Á þeim tíma getur tjón á þeim tíma ekki orðið vegna slakra afhengingargæða spennu í tengivirki Landsnet í Dalvík. Hins vegar kom í ljós að mikið flókt var á spennunni seinnipart dags. 10.12.2019 og fram að þeim tíma sem DA1 er ekki lengur tiltæk. Í a.m.k. einu tilviki fór spennan út yfir +/- 10% vikmörk. Landsnet vísar í fylgiskjal nr. 2.

Varðandi tryggingarmál Landsnets kemur fram að fyrirtækið sé tryggt hjá S og í apríl 2020 lá álit þeirra fyrir um að umrætt tjón sé ekki bótaskyld. Landsnet kærði þá ákvörðun til úrskurðarnefndar váttryggingarmála. Orkustofnun sendi fyrirspurn til Landsnets til að fá úr því skorið hver niðurstaða úrskurðarnefndar hefði orðið með bréfi dags. 21. október 2020. Svar barst frá Landsneti 15. desember 2020 þar sem úrskurður nefndarinnar (270/2020) fylgdi með. Niðurstaða úrskurðarnefndar er dagsettur 3. nóvember 2020. Niðurstaðan er að „*Ekki er fyrir hendi bótaskylda úr ábyrgðarsjóði M, Landsnets hf., hjá S vegna tjóns á raftækjum*“

Sjónarmið RARIK

Þá var RARIK sent fyrirspurnarbréf dags. 3. febrúar 2021. Svar barst frá RARIK með bréfi dagsett 17. febrúar 2021.

Í svari RARIK kemur fram að engar truflanir hafi verið í dreifikerfi RARIK, á Ólafsfirði 10. desember 2019 en 11. desember brotnaði lína frá Dalvík til Ólafsfjarðar sem olli rafmagnsleysi á Ólafsfirði. Orsökina hafi verið fávirkni sem gekk yfir landi. Rafmagnsleysi skv. RARIK er skráð lokið kl. 15.10 þann 12. desember 2021 en þá hafi notendur fengið rafmagn frá Skeiðsfossvirkjun. Truflunin hafi því staðið yfir í 38 klst. og 24 mínútur. Engar vísbendingar er um að þessari truflun hafi fylgt nein spennufrávik utan viðmiðunarmarká sem gæti orsakað tjón á rafbúnaði.

Með svari RARIK fylgir með yfirlit um spennu í Ólafsfirði í fylgiskjali. Samkvæmt gögnum RARIK fyrir dagana 11. desember til 12. desember 2019 sýna línuritin annað hvort fulla spennu eða enga spennu. Hámarksspenna skv. línuritum RARIK er 11,012 kV þann 12. desember 2019. Miðað við að um sér að ræða 11kV flutningslínu virðist spennan ekki fara yfir þau mörk sem eru tilskilin í reglugerð nr. 1048/2004 um gæði raforku og afhendingaröryggi.

Við afgreiðslu málsins taldi RARIK líklegt að spennusveiflur hefðu verið í flutningskerfi Landsnets þann 10. desember 2019 en þann dagar urðu alvarlegar truflanir í flutningskerfinu á Norðurlandi sem hugsanlega gæti hafa orsakað skammvinn spennufrávik í Dalvík og þar með einnig á Ólafsfirði. Mögulegt var talið að skammvinnar spennusveiflur hafi verið í flutningskerfinu þennan dag sem ekki koma fram í mælingum RARIK er þær eru í takmarkaðri upplausn en mælingar Landsnets. Þar sem RARIK telur hugsanlegt að spennufrávik hafi verið í flutningskerfinu hafi RARIK vísað málinu til Landsnets til skoðunar og úrlausnar.

Þá bendir RARIK á að almennt eigi það við, varðandi tjón þau sem urðu vegna truflana í dreifikerfinu í óveðri því sem gekk yfir landið þann 10. desember 2019 og dagana í kjölfarið, að orsök þeirra er veðurofsi sem ekki varð við ráðið, þrátt fyrir að RARIK hafi af fremsta megni gert það sem mögulegt var til að draga úr truflunum og áhrifum þeirra. Tjón vegna veðurs eru ekki bótaskyld af hálfu dreifiveitunnar og þá það við um þessi tjón, þ.m.t. tjón það sem tilefni er þessara bréfaskipta, jafnvel þó að svo að talið hefði verið að það væri upprunnið í dreifikerfi RARIK. Hins vegar ákvað RARIK einhliða að koma til móts við fordæmalausar aðstæður viðskiptavina sinna í þessu tilviki og taka á sig tjón þeirra notenda sem talið var að hefði orðið fyrir skemmdum á rafbúnaði vegna spennufrávika sem upprunnar voru í dreifikerfinu. Sú ákvörðun náði ekki til tjóna vegna óbeinna afleiðinga truflana, svo sem afleiðinga rafmagnsleysis, né truflana sem upprunnar voru í flutningskerfi. Landsnet tók sambærilega einhliða ákvörðun um tjón sem urðu vegna spennufrávika sem uppruninn voru í flutningskerfin og tók því við öllum þeim málum til afgreiðslu. Ákvörðun Landsnets virðist þó hafa náð skemur en ákvörðun RARIK að því að leyti að Landsnet virðist aðeins bæta tjón einstaklinga en ekki lögaðila.

Í svari RARIK fylgir með eyðublað frá RARIK varðandi skráningu tjónþola í kvartanaform á heimasíðu [RARIK], dags. 2.1.2020. Í eyðublaðinu koma fram ákveðna upplýsingar sem kvartandi hefur skráð. Einnig heitir einn dálkurinn „Úrlausnarstaða“.

Þar kemur eftirfarandi fram:

1. *Fóru spennugæði út fyrir mörk? Líklega.*
2. *Möguleg mistök starfsmanna? Nei – þetta er líklega hugsanlegt af völdum rafmagnstruflana,*
3. *Heildarmat á því hvort RARIK eða Landsnet sé tjónaskyld? Líklega*
4. *Aðgerðir til lagfæringar? Viðgerð á flutningslínu.*

Athugasemdir kvartanda við sjónarmið Landsnet

Orkustofnun bauð kvartanda að koma á framfæri athugasemdum við afstöðu Landsnets til kvörtunarinnar með bréfi dags. 13. nóvember 2020. Athugasemdir bárust með tölvupósti 23. nóvember 2020 frá S. Í tölvupóstinum kom fram að óskað var eftir lengri fresti til að svara þangað til að niðurstaða væri komin frá Úrskurðarnefnda váttryggingarmála og féllst Orkustofnun á að gefa lengri frest þangað til úrskurður lægi fyrir. Kvartandi skilaði ekki sérstökum andmælum við afstöðu Landsnets.

Þá bauð Orkustofnun kvartanda að koma á framfæri athugasemdum við afstöðu RARIK með bréfi dags. 24. febrúar 2021 ásamt fylgigögnum sem tilheyra málinu. Kvartanda var gefinn frestur til 10. mars 2021 til að koma með andmæli. Kvartandi sendi tölvupóst 10. mars og óskaði fresti til andsvara til 14. mars 2021. Bréf frá kvartanda barst með tölvupósti 14. mars 2021 og fylgdi með athugasemdir bæði varðandi afstöðu RARIK og Landsnets. Í athugasemdum kvartanda kemur eftirfarandi fram:

Góðan daginn, fyrir hönd S eru hér fram sett andmæli er varða afstöðu RARIK og Landsnets varðandi tjón sem varð í óveðrinu í des 2019.

Í 3. mgr. 16. gr. raforkulaga nr. 65/2003 er svo ritað: Greiða þeim notendum bætur sem verða fyrir langvarandi skerðingu á raforkuafhendingu. Kveðið skal á um fjárhæð bóta og bótaskyld tilvik í reglugerð.

Í ljósi þessarar greinar er sú ákvörðun Landsnets að greiða eingöngu einstaklingum en ekki lögaðilum bætur afar skringileg og getur illa talist samræmast þessu lagaákvæði.

Að einhverju leyti má segja að með því að greiða hluta notenda bætur sé Landsnet að gangast við bótaskyldu í þeim tjónum sem urðu í téðu óveðri.

Forsvarsmenn S geta því ekki unað þeirri ákvörðun Landsnets að greiða ekki bætur vegna þess tjóns sem fyrirtækið varð fyrir, sem má rekja til þessi rafmagnsleysis sem varð í óveðrinu.

Forsendur og niðurstaða

Samkvæmt lýsingu kvartanda varð tjón á X vegna rafmagnsleysis í desember 2019. Samkvæmt svarbréfi Landsnets 5. nóvember 2020 kemur fram að rafmagnsleysi hafi orðið vegna tjóns á rafmagnslínu, nánar tiltekið Dalvíkurlínu, þar sem sem töluvert tjón var vegna staurabrota. Óumdeilt er að umrætt tjón á rafmagnslínu Landsnets sem orsakaði rafmagnsleysi í desember 2019 var vegna óveðurs. Í erindi kemur fram í svari Landsnets sbr. fylgiskjali nr. 2 að spennan hafi farið yfir +/- 10% vilmörk þann 10. desember.

Fyrir liggur niðurstaða Úrskurðarnefndar váttryggingarmála sem kom að þeirri niðurstöðu að tjón á tækjum sem varð í kjölfar spennutruflana í desember 2019 sé ekki bótaskyld. Í úrskurðinum kemur einnig fram að Landsnet hafi greitt bætur vegna tjóna á raftækjum til einstaklinga en ekki lögaðila.

Samkvæmt skilgreiningu 5. tl. 3. gr. raforkulaga nr. 65/2003 er flutningsfyrirtæki fyrirtæki sem sem stýrir rekstri flutningskerfisins og annast kerfisstjórnun. Í 6. tl. er flutningskerfi skilgreint sem raflínur og mannvirki þeim tengd sem eru nauðsynleg til að flytja raforku frá virkjunum til stórnotenda og til dreifiveitna.

Um skyldur flutningsfyrirtækisins er fjallað um í 9. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Flutningsfyrirtækið skal byggja flutningskerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar, [gæða raforku og stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku]. Samkvæmt 6. tl. 3. mgr. 9. gr. raforkulaga er gert ráð fyrir því að flutningsfyrirtækið greiði þeim dreifiveitum bætur sem verða fyrir langvarandi skerðingu á raforkuafhendingu. Þannig getur dreifiveita sótt til Landsnets bætur vegna langvarandi skerðingu á raforkuafhendingu.

Í 2. mgr. 8. gr. raforkulaga segir að viðskiptavinir flutningsfyrirtækisins séu dreifiveitur, stórnotendur, virkjanir og þeir aðilar sem hafa leyfi samkvæmt raforkulögum til að stunda viðskipti með raforku. Af ákvæðinu er ljóst að almennir notendur eru ekki í viðskiptasambandi við flutningsfyrirtækið né teljast þeir til viðskiptavina þess. Af því sögðu getur RARIK ekki vísað tjónstilkynningu viðskiptavina sinna til flutningsfyrirtækisins til afgreiðslu.

Samkvæmt skilgreiningu 1. tl. 3. gr. raforkulaga nr. 65/2003 er dreifiveita fyrirtæki sem hefur leyfi til dreifingar raforku á afmörkuðu svæði. Í 2. tl. er dreifiveitusvæði skilgreint sem landsvæði þar sem dreifiveita hefur einkarétt og skyldu til dreifingar raforku.

Í IV. kafla laganna er kveðið á um dreifingu. Í 13. gr. laganna kemur fram að leyfi Orkustofnunnar þarf til að reisa og reka dreifikerfi á tilteknu dreifiveitusvæði og til að hætta slíkum rekstri. Í leyfinu felst einkaréttur og skylda til dreifingar á viðkomandi svæði.

Um starfsemi og skyldur dreifiveitu er fjallað í 16. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Dreifiveita annast dreifingu raforku og kerfisstjórnun á dreifiveitusvæði sínu. Hún skal viðhalda, endurbæta og byggja dreifikerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku, sbr. 1. mgr. 16. gr. laganna. Í reglugerð nr. 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga er í 23. gr. fjallað um starfsemi og skyldur dreifiveitna. Í 3. tl. 2. mgr. segir að dreifiveitur skuli setja sér reglur til þess að tryggja áreiðanleika í rekstri dreifikerfisins sem skulu a.m.k. kveða á um hönnun kerfisins og uppbyggingu þess, viðhald kerfisins og reglubundið eftirlit með ástandi kerfisins.

Í 8. tl. 3. mgr. 16. gr. raforkulaga kemur fram að dreifiveitu sé skylt að greiða þeim notendum sem verða fyrir langvarandi skerðingu á raforkuafhendingu bætur. Kveðið skal á um fjárhæð bóta og bótaskyld tilvik í reglugerð sbr. 8. tl. 3. mgr. 16. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Það sama á við um skyldur flutningsfyrirtækisins enda bættist efnislega samhljóða töluliður við 3. mgr. 9. gr. samhliða í frumvarp til breytinga á raforkulögum nr. 19/2011. Bæturnar eru annars vegar til dreifiveitna og hins vegar notenda sem verða fyrir langvarandi skerðingu á raforkuafhendingu. Í nefndarálitni við frumvarpið er fjallað um þann tölulið sem bættist við 3. mgr. 9. gr. um flutningsfyrirtækið. Þar kemur fram að skerðing af völdum fávirkis eða náttúruhamfara eru undanskilin og að bæturnar séu hefðbundnar skaðabætur. Með langvarandi skerðingu er átt við skerðingu sem nemur meira en 12 klukkustundir. Ekki er fjallað um töluliðinn sem bættist við 3. mgr. 16. gr. en eins og fram hefur komið eru þeir efnislega samhljóða.

Í 4. tl. 3. mgr. 16. gr. raforkulaga er kveðið á um að dreifiveitu sé skylt að útvega launafll fyrir kerfið til að nýta flutningsgetu og tryggja spennugæði. Nánar er kveðið á um spennugæði í reglugerð nr. 1048/2004 um gæði raforku og afhendingaröryggi, þar sem segir í 11. gr. reglugerðarinnar að afhendingarspenna skuli vera innan skilgreindra vikmarka og eru vikmörk skilgreind sem +10/-10% af nafnspennu. Þannig hefur spennubreyting áhrif á gæði rafmagns til kvartanda sem kærandi ber ábyrgð á, sbr. 1. mgr. 16. gr. raforkulaga. Dreifiveitur greiða alla jafnan bætur fyrir tjón sem hljótast af spennubreytingum hjá notendum. Á heimasíðu RARIK er notendum boðið að fylla út eyðublað ef þeir vilja senda kvörtun til kæranda vegna rafmagnsgæða eða tjóns vegna spennu. Á heimasíðu RARIK er

einnig að finna fréttatilkynningar þar sem fjallað sé um bótagreiðslur fyrirtækisins vegna tjóns sem orðið hafa vegna spennubreytinga. Í þessu samhengi bendir Orkustofnun á fréttatilkynningar á heimasíðu RARIK frá 23. desember 2019 þar sem kemur fram að venju samkvæmt bætir RARIK tjón á rafbúnaði viðskiptavina sem verður vegna spennusveiflna í rafmagnstruflunum. Á heimasíðu RARIK sé notendum boðið að fylla út eyðublað ef þeir vilja senda kvörtun til dreifiveitunnar vegna rafmagnsgæða eða tjóns vegna spennu (*Frétt RARIK dags. 23. Desember 2019, batur vegna tjóns á búnaði og keyrslu varaafis*). Einnig má benda á fyrri fréttatilkynningar fyrirtækisins dags. 16. maí 2014 þar sem tilkynnt er um að tjón, vegna spennutruflana í flutningskerfi Landsnets sem áhrif hafði á dreifikerfi RARIK, yrði bætt

Við nánari skoðun á heimasíðu RARIK varðandi tjónatilkynningar kemur fram eldri fréttir t.d. vegna tjóns 6.-7. janúar 2011. og vegna tjóns 5,8. og 9 maí 2014 sem talið er af völdum truflana í flutningskerfinu kemur þar fram að uppgjör vegna tjóns á tækjum fari í gegnum RARIK. Hins vegar verður breyting á þessu fyrirkomulagi vegna tjóns 17. maí 2017 en í þeirri tilkynningu vísar RARIK að leita eigi til Landsnets eða tryggingarfélags þess sem er S.

Samkvæmt 7. tl. 3. mgr. 16. gr. raforkulaga sé dreifiveitu skylt að gæta jafnræðis við starfrækslu sína. Sömu sjónarmið þurfa að liggja til grundvallar þegar ákvörðun um greiðslu bóta til viðskiptavina er tekin í sambærilegum málum.

Hlutlæg bótaábyrgð stofnast án tillits til þess hvort tjón verði rakið til sakar. Í ljósi þess að kvartandi varð fyrir tjóni vegna spennubreytinga sem dreifiveitur og flutningsfyrirtæki bera ábyrgð á sbr. 1. mgr. 16. gr. raforkulaga, sbr. 9. gr. raforkulaga er það mat Orkustofnunar að jafna megi bótaábyrgðinni við skerðingu á afhendingu rafmangs, sbr. 8. tl. 3. mgr. 16. gr. raforkulaga. Kvartandi er viðskiptavinur RARIK og er dreifiveitan skuldbundin til þess að greiða tjón sem hlýst af spennubreytingum gagnvart notendum sínum, en getur á grundvelli 6. tl. 3. mgr. 9. gr. raforkulaga átt endurkröfurétt á flutningsfyrirtækið.

Í ljósi þessa getur RARIK ekki borið fyrir sig að fyrirtækið sé undanþegið greiðslu bóta vegna tjóns sem á orsök sína að rekja til bilunar í flutningskerfi Landsnets.

Því er það mat Orkustofnunar að RARIK beri ábyrgð á því tjóni sem kvartandi varð fyrir vegna spennubreytinga.


Ákvörðunarorð

Í ljósi framangreinds telur Orkustofnun að RARIK beri að bæta tjón á X sem rekja má til umtalsverðrar spennuhækkunar þar sem spenna fór út fyrir +/- 10% vikmörk 10. desember 2020.

Stjórnvaldsákvörðanir sem teknar eru af Orkustofnun á grundvelli raforkulaga og varða gjaldskrá eða starfsemi flutningsfyrirtækisins eða dreifiveitna sæta kæru til úrskurðarnefndar raforkumála sbr. 1. mgr. 30. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan 30 daga frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun.

Virðingarfyllst,
f.h. orkumálastjóra


Hanna Björg Konráðsdóttir
lögfræðingur


Sigurður H Magnússon
verkefnastjóri

Afrit sent til: RARIK, Dvergshöfða 2, 110 Reykjavík og Landsnet hf., Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík